

2015:7 • 9. júní 2015

## Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2015

*Quarterly government accounts, 1st quarter 2015*

*Samantekt* Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 14,9 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2015, en það er mun lakari niðurstaða en á sama tíma 2014 þegar hún var jákvæð um 10,1 milljarð króna. Tekjuhallinn nam 2,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 6,9% af tekjum hins opinbera.

Heildartekjur hins opinbera stóðu í stað milli 1. ársfjórðungs 2014 og 2015. Hins vegar jukust heildarútgjöld hins opinbera um 12,2% á sama tímabili. Sú útgjaldaaukning skýrist aðallega af hærri launa- og vaxtakostnaði og tilfærsluútgjöldum. Magnbreyting samneyslu hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2015 var 1,5% sem er sama breyting og var á 1. ársfjórðungi 2014.

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 2.009 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2015 sem samsvarar 94,9% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 869 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 41,1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs jókst um 18,6 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2014 og 2015.

### Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera stóðu í stað*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 216,1 milljarður króna á 1. ársfjórðungi 2015 og eru nánast óbreyttar frá 1. ársfjórðungi 2014. Skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 184,4 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2015 en 178,0 milljörðum króna á sama ársfjórðungi 2014.


*Útgjöld jukust um 12,2%*

Á 1. ársfjórðungi 2015 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið 231,0 milljarður króna en þau voru 205,9 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2014. Aukningin milli ára nemur 12,2% sem skýrist m.a. af auknum launa- og vaxtakostnaði. Einnig var mikil aukning í tilfærsluútgjöldum þar sem rúmlega 15 milljarðar voru gjaldfærðir vegna niðurfærslu verðtryggðra fasteigna-veðlána. Um 55% af heildarútgjöldum hins opinbera eru laun og kaup á vöru og þjónustu. Magnbreyting samneyslu hins opinbera er áætluð 1,5% á fyrsta ársfjórðungi 2015.



### Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP



**Skýringar** Notes: 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010 er ekki meðtalin í heildargjöldum. Áfallin ríkisábyrgð fyrir 19 ma.kr. er meðtalin í 4. ársfj. 2011 og einnig áætluð ríkisábyrgð fyrir 13 ma.kr. á 4. ársfj. 2012. The central government debt assumption due to called guarantees of 55.5 billion ISK in 4. quarter 2011 is excluded from total expenditure. Guarantees are included in 4. quarter 2011 for 19 billion ISK and in 4. quarter 2012 for 13 billion ISK.

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 14,9 milljarða

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 14,9 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2015. Tekjuhallinn nam 2,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins en tekjuhallinn var 2,2% af landsframleiðslu á sama tíma 2014.

### Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2014 og 2015

Table 1. General government finances in 1st quarter 2014 and 2015

Fjárhæðir í milljörðum króna	2014	2015	Bráðab.
Figures in billion ISK	1. ársfj.	1. ársfj.	Prelim.
	1st quart.	1st quart.	2013
		Breyting, %	2014
		Change, %	Change, %
1. Heildartekjur Revenue	216,0	216,1	796,9
2. Heildarútgjöld Expenditure	205,9	231,0	829,0
2.1 Fjárfesting Investment	10,3	10,6	52,8
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)			
Financial bal. (3 = 1 - 2)	10,1	-14,9	-32,0
4. Tekjujöfnuður % af tekjum			
Fin. bal. % of revenue	4,7	-6,9	-4,0
5. Tekjujöfnuður % af VLF			
Financial bal. % of GDP	2,2	-2,9	-1,7

### Ríkissjóður

Tekjuafkoma ríkissjóðs var neikvæð um 10,6 milljarða

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 161,8 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2015 og heildarútgjöld 172,4 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 10,6 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi, eða sem nemur 2,1% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs dregist saman um 1,8% frá sama tíma í fyrra, á meðan útgjöld jukust um 14,7%. Samdrátturinn í tekjum ríkissjóðs skýrist aðallega af lægri arðgreiðslu frá Landsbankanum til ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi

2015 í samanburði við sama fjórðung 2014. Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 135,9 milljarða króna eða 84,0% tekna hans.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 1. ársfjórðungi 2014 og 2015**

Table 2. Central government finances in 1st quarter 2014 and 2015

Fjárhæðir í milljörðum króna	2014	2015		Bráðab.		
<i>Figures in billion ISK</i>	1. ársfj.	1. ársfj.	Breyting, %		<i>Prelim.</i>	Breyting, %
	<i>1st quart.</i>	<i>1st quart.</i>	<i>Change, %</i>	2013	2014	<i>Change, %</i>
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	164,8	161,8	-1,8	584,5	679,3	16,2
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	150,2	172,4	14,7	618,0	678,6	9,8
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	5,4	6,1	13,0	29,9	35,1	17,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	14,6	-10,6	•	-33,5	0,7	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	8,8	-6,5	•	-5,7	0,1	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	3,2	-2,1	•	-1,8	0,0	•


Á gjaldahlið ríkissjóðs eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir fjárframlög til almanna-trygginga, launakostnaður og kaup á vöru og þjónustu. Niðurfærsla verðtryggðra fasteignaveðlana á fyrsta ársfjórðungi 2015 skýrir aukninguna í tilfærsluútgjöldum í samanburði við sama tíma 2014. Talsverð aukning varð í fjárfestingu milli ársfjórðunganna og skýrist það meðal annars af framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng. Magnbreyting samneyslu ríkissjóðs mældist 0,7% á fyrsta ársfjórðungi en á sama tíma 2014 var hún -0,2%.

*Hrein peningaleg eign ríkissjóðs  
hefur aukist um 18,6 milljarða*

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.140 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2015, eða sem nemur 53,9% af áætlaðri landsframleiðslu ársins, og hafa þær aukist um 134 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2014 eða 13,3%. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um 6,1%, en þær námu 2.009 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2015. Sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu ársins námu skuldarnar 94,9% á fyrsta ársfjórðungi 2015 en voru 95,0% á fyrsta ársfjórðungi 2014. Peningalegar eignir umfram skuldir eru því neikvæðar um 869 milljarða króna í lok 1. ársfjórðungs 2015 sem nemur 41,1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins samanborið við 44,5% á fyrsta ársfjórðungi 2014.

## Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



## Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 2,0 milljarða

Heildartekjur sveitarfélaganna á 1. ársfjórðungi 2015 eru áætlaðar 65,5 milljarðar króna og heildarútgjöld 67,6 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 2,0 milljarðar króna. Á sama tíma 2014 var tekjuafkoman neikvæð um 2,2 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 6,6% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 6,0%.

Um þrjú fimmtu hlutar tekna sveitarfélaga eru útsvarstekjur

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 39,6 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2015, eða um 60% tekna þeirra. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, 46,9% af heildarútgjöldum. Kaup á vöru og þjónustu fylgja á eftir og nema 33,1% af heildarútgjöldum. Magnbreyting samneyslu sveitarfélaga mældist 1,3% á fyrsta ársfjórðungi en var 2,6% á sama ársfjórðungi 2014.

## Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 1. ársfjórðungi 2014 og 2015

Table 3. Local government finances in 1st quarter 2014 and 2015

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2014		2015		Bráðab.	
	1. ársfj. 1st quart.	1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %	2013	Prelim. 2014	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur Revenue	61,5	65,5	6,6	244,9	258,1	5,4
2. Heildarútgjöld Expenditure	63,7	67,6	6,0	249,4	263,8	5,8
2.1 Fjárfesting Investment	4,9	4,4	-9,5	22,8	22,4	-1,7
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-2,2	-2,0	•	-4,5	-5,7	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-3,7	-3,1	•	-1,9	-2,2	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-0,5	-0,4	•	-0,2	-0,3	•

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er í gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Veitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu sem jafnframt sér um söfnun gagna frá sveitarfélögunum. Gögnin eru á rekstrargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélögin skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fölginn í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 1<sup>st</sup> quarter of 2015, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 14.9 billion ISK deficit or 2.9% of quarterly GDP and 6.9% of general government total revenue. This can be compared with 10.1 billion ISK in surplus in the 1<sup>st</sup> quarter of 2014 or 2.2% of GDP in that quarter.

The general government total revenue are almost the same in the 1<sup>st</sup> quarters of 2014 and 2015, or 216.1 billion ISK. Tax revenue increased by 3.5% but other revenue decreased. This decrease can mainly be explained by decreased dividends from Landsbankinn Bank to its main owner, the central government. The total expenditure increased at the same time by 12.2%, or from 205.9 billion ISK in 2014 to 231.0 billion ISK in 2015, mainly due to increase in wages and salaries, interest and the government's debt relief program.

The central government total liabilities at the end of the 1<sup>st</sup> quarter 2015 amounted to 2,009 billion ISK or 94.9% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 869 billion ISK or 41.1% of the GDP, compared to 44.5% in the same period 2014. Consequently, the central government net financial asset position has increased by 18.6 billion ISK between the 1<sup>st</sup> quarters 2014 and 2015.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

**Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2012–2015**

Table 4. Quarterly Government Finances 2012–2015

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- tekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	— þar af fjárfesting <i>— thereof investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
<b>Híð opinbera <i>The General Government</i></b>						
<b>2012</b>	<b>742,1</b>	<b>807,3</b>	<b>45,7</b>	<b>-65,2</b>	<b>-8,8</b>	<b>-3,7</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	176,8	187,8	8,1	-11,1	-6,3	-0,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	180,9	197,6	10,8	-16,6	-9,2	-0,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	194,6	201,4	13,2	-6,8	-3,5	-0,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	189,8	220,5	13,7	-30,7	-16,2	-1,7
<b>2013</b>	<b>796,9</b>	<b>829,0</b>	<b>52,8</b>	<b>-32,0</b>	<b>-4,0</b>	<b>-1,7</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	189,4	195,6	9,8	-6,1	-3,2	-0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	194,9	205,9	12,8	-11,0	-5,7	-0,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	209,3	208,8	15,0	0,4	0,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	203,4	218,7	15,2	-15,3	-7,5	-0,8
<b>2014</b>	<b>902,7</b>	<b>905,7</b>	<b>57,6</b>	<b>-3,0</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	216,0	205,9	10,3	10,1	4,7	0,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	208,5	213,8	13,5	-5,3	-2,5	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	220,4	220,5	16,3	-0,1	0,0	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	257,8	265,6	17,5	-7,7	-3,0	-0,4
<b>2015</b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	216,1	231,0	10,6	-14,9	-6,9	-0,7
<b>Ríkissjóður <i>The Central Government</i></b>						
<b>2012</b>	<b>545,5</b>	<b>603,9</b>	<b>25,6</b>	<b>-58,3</b>	<b>-10,7</b>	<b>-3,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	131,5	138,4	3,8	-6,9	-5,2	-0,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	132,5	145,7	5,9	-13,3	-10,0	-0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	142,9	150,5	7,0	-7,5	-5,3	-0,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	138,6	169,3	8,9	-30,7	-22,1	-1,7
<b>2013</b>	<b>584,5</b>	<b>618,0</b>	<b>29,9</b>	<b>-33,5</b>	<b>-5,7</b>	<b>-1,8</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	140,4	143,0	4,2	-2,5	-1,8	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	142,4	151,9	7,5	-9,5	-6,6	-0,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	153,4	156,6	8,2	-3,2	-2,1	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	148,3	166,7	10,0	-18,4	-12,4	-1,0
<b>2014</b>	<b>679,3</b>	<b>678,6</b>	<b>35,1</b>	<b>0,7</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	164,8	150,2	5,4	14,6	8,8	0,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	152,6	155,5	8,0	-2,8	-1,9	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	161,9	163,4	9,6	-1,5	-0,9	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	199,9	209,5	12,1	-9,5	-4,8	-0,5
<b>2015</b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	161,8	172,4	6,1	-10,6	-6,5	-0,5

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2012–2015 (frh.)  
 Table 4. Quarterly Government Finances 2012–2015 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- tekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	— þar af fjárfesting — thereof <i>investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
<b>Sveitarfélög The Local Governments</b>						
<b>2012</b>	<b>225,7</b>	<b>233,1</b>	<b>20,1</b>	<b>-7,4</b>	<b>-3,3</b>	<b>-0,4</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	54,4	56,4	4,3	-2,0	-3,7	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	56,0	59,0	4,9	-3,0	-5,3	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	57,2	58,8	6,1	-1,5	-2,7	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	58,0	58,9	4,8	-0,8	-1,4	0,0
<b>2013</b>	<b>244,9</b>	<b>249,4</b>	<b>22,8</b>	<b>-4,5</b>	<b>-1,9</b>	<b>-0,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	59,0	61,7	5,6	-2,7	-4,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	60,8	63,3	5,3	-2,5	-4,1	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	62,2	62,3	6,7	-0,1	-0,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	62,8	62,1	5,2	0,7	1,1	0,0
<b>2014</b>	<b>258,1</b>	<b>263,8</b>	<b>22,4</b>	<b>-5,7</b>	<b>-2,2</b>	<b>-0,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	61,5	63,7	4,9	-2,2	-3,7	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	64,9	66,9	5,5	-2,1	-3,2	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	64,8	66,6	6,7	-1,8	-2,8	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	67,0	66,6	5,4	0,4	0,6	0,0
<b>2015</b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	65,5	67,6	4,4	-2,0	-3,1	-0,1
<b>Almannatryggingar The Social Security Funds</b>						
<b>2012</b>	<b>157,8</b>	<b>157,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,5</b>	<b>0,3</b>	<b>0,0</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	35,8	38,0	0,0	-2,2	-6,1	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	37,9	38,2	0,0	-0,4	-1,0	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	41,9	39,7	0,0	2,2	5,3	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	42,3	41,4	0,0	0,8	2,0	0,0
<b>2013</b>	<b>166,8</b>	<b>160,8</b>	<b>0,0</b>	<b>6,0</b>	<b>3,6</b>	<b>0,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	37,8	38,8	0,0	-1,0	-2,6	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	40,0	39,1	0,0	0,9	2,3	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	44,3	40,6	0,0	3,7	8,4	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	44,7	42,4	0,0	2,3	5,2	0,1
<b>2014</b>	<b>172,6</b>	<b>170,6</b>	<b>0,0</b>	<b>2,0</b>	<b>1,2</b>	<b>0,1</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	39,2	41,4	0,0	-2,2	-5,6	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	41,4	41,8	0,0	-0,4	-1,0	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	45,8	42,6	0,0	3,2	7,1	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	46,2	44,8	0,0	1,4	3,0	0,1
<b>2015</b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	41,0	43,3	0,0	-2,4	-5,7	-0,1

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2013–2015**Table 5. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2013–2015*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2013		2014				2015
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>796,9</b>	<b>902,7</b>	<b>216,0</b>	<b>208,5</b>	<b>220,4</b>	<b>257,8</b>	<b>216,1</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	606,2	696,8	160,4	161,5	170,6	204,4	166,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	315,6	358,7	85,1	89,0	87,5	97,1	89,8
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	6,5	6,8	1,7	1,7	1,7	1,7	1,6
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	46,5	49,1	12,5	12,2	12,0	12,4	10,1
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	220,8	234,6	57,8	54,7	65,7	56,3	61,2
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,8	6,1	1,3	1,5	1,6	1,8	1,2
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	11,0	41,5	2,0	2,3	2,0	35,1	2,1
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	69,9	74,0	17,6	17,8	19,0	19,6	18,5
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,9	3,3	-1,5	0,3	3,5	0,9	-2,2
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	117,9	128,7	39,4	28,9	27,3	32,9	33,9
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>829,0</b>	<b>905,7</b>	<b>205,9</b>	<b>213,8</b>	<b>220,5</b>	<b>265,6</b>	<b>231,0</b>
21 Laun <i>Wages</i>	256,8	275,8	65,1	70,6	69,8	70,3	71,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	219,9	229,1	54,9	57,4	55,5	61,3	56,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	38,3	39,6	9,9	9,9	9,9	9,9	10,1
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	88,8	93,6	23,8	22,2	25,4	22,2	25,9
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	31,1	32,0	7,9	8,0	7,7	8,4	8,2
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	4,3	4,6	0,8	1,2	1,1	1,5	0,8
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	133,6	137,7	33,7	33,4	35,1	35,6	34,3
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	41,7	75,3	9,3	7,5	9,8	48,8	23,3
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	52,8	57,6	10,3	13,5	16,3	17,5	10,6
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-38,3	-39,6	-9,9	-9,9	-9,9	-9,9	-10,1
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-32,0</b>	<b>-3,0</b>	<b>10,1</b>	<b>-5,3</b>	<b>-0,1</b>	<b>-7,7</b>	<b>-14,9</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-4,0</b>	<b>-0,3</b>	<b>4,7</b>	<b>-2,5</b>	<b>0,0</b>	<b>-3,0</b>	<b>-6,9</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-1,7</b>	<b>-0,2</b>	<b>0,5</b>	<b>-0,3</b>	<b>0,0</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,7</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>42,4</b>	<b>45,3</b>	<b>10,8</b>	<b>10,5</b>	<b>11,1</b>	<b>12,9</b>	<b>10,2</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>44,1</b>	<b>45,4</b>	<b>10,3</b>	<b>10,7</b>	<b>11,1</b>	<b>13,3</b>	<b>10,9</b>



**Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2013–2015**  
*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2013–2015*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2013		2014				2015
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	<i>Q I</i>
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>584,5</b>	<b>679,3</b>	<b>164,8</b>	<b>152,6</b>	<b>161,9</b>	<b>199,9</b>	<b>161,8</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	426,7	505,1	115,4	113,4	121,8	154,6	117,4
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	168,4	200,8	48,6	49,5	47,3	55,5	50,2
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	6,5	6,8	1,7	1,7	1,7	1,7	1,6
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	16,0	17,3	4,6	4,2	4,1	4,4	1,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	218,9	232,6	57,3	54,1	65,1	56,0	60,4
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,8	6,1	1,3	1,5	1,6	1,8	1,2
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	11,0	41,5	2,0	2,3	2,0	35,1	2,1
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	69,9	74,0	17,6	17,8	19,0	19,6	18,5
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	10,6	11,5	2,6	2,7	3,0	3,1	2,6
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	77,3	88,7	29,2	18,7	18,1	22,7	23,3
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>618,0</b>	<b>678,6</b>	<b>150,2</b>	<b>155,5</b>	<b>163,4</b>	<b>209,5</b>	<b>172,4</b>
21 Laun <i>Wages</i>	128,7	136,2	32,1	34,8	34,4	34,8	34,2
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	103,9	107,0	24,6	26,6	26,5	29,2	25,3
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	27,9	28,9	7,2	7,3	7,2	7,2	7,3
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	81,4	85,6	21,8	20,2	23,4	20,2	23,9
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	25,7	26,5	6,6	6,6	6,3	7,0	6,8
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	195,4	203,2	48,3	49,5	50,9	54,5	51,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	20,4	19,0	4,4	4,6	4,8	5,2	4,1
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	32,6	66,0	6,9	5,2	7,4	46,5	20,9
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	29,9	35,1	5,4	8,0	9,6	12,1	6,1
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-27,9	-28,9	-7,2	-7,3	-7,2	-7,2	-7,3
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-33,5</b>	<b>0,7</b>	<b>14,6</b>	<b>-2,8</b>	<b>-1,5</b>	<b>-9,5</b>	<b>-10,6</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-5,7</b>	<b>0,1</b>	<b>8,8</b>	<b>-1,9</b>	<b>-0,9</b>	<b>-4,8</b>	<b>-6,5</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-1,8</b>	<b>0,0</b>	<b>0,7</b>	<b>-0,1</b>	<b>-0,1</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,5</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>31,1</b>	<b>34,1</b>	<b>8,3</b>	<b>7,7</b>	<b>8,1</b>	<b>10,0</b>	<b>7,6</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>32,9</b>	<b>34,0</b>	<b>7,5</b>	<b>7,8</b>	<b>8,2</b>	<b>10,5</b>	<b>8,1</b>

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2013–2015**Table 7. *Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2013–2015*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2013		2014				2015
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>244,9</b>	<b>258,1</b>	<b>61,5</b>	<b>64,9</b>	<b>64,8</b>	<b>67,0</b>	<b>65,5</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	179,6	191,7	45,0	48,1	48,8	49,8	48,6
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	147,1	157,9	36,6	39,5	40,2	41,5	39,6
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	30,5	31,8	8,0	8,0	8,0	8,0	8,2
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	1,9	2,0	0,5	0,6	0,6	0,3	0,8
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	27,0	28,9	6,8	7,1	7,4	7,5	7,1
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	38,2	37,5	9,6	9,6	8,6	9,6	9,9
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>249,4</b>	<b>263,8</b>	<b>63,7</b>	<b>66,9</b>	<b>66,6</b>	<b>66,6</b>	<b>67,6</b>
21 Laun <i>Wages</i>	109,1	119,7	28,3	30,7	30,3	30,3	31,7
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	83,0	86,0	21,6	21,8	20,7	21,9	22,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	10,3	10,7	2,7	2,7	2,7	2,7	2,7
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	7,4	7,9	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	5,1	5,2	1,3	1,3	1,3	1,3	1,3
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,2	1,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	12,4	12,6	3,2	3,2	3,2	3,2	3,2
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	8,5	8,6	2,2	2,2	2,2	2,2	2,2
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	22,8	22,4	4,9	5,5	6,7	5,4	4,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-10,3	-10,7	-2,7	-2,7	-2,7	-2,7	-2,7
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-4,5</b>	<b>-5,7</b>	<b>-2,2</b>	<b>-2,1</b>	<b>-1,8</b>	<b>0,4</b>	<b>-2,0</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-1,9</b>	<b>-2,2</b>	<b>-3,7</b>	<b>-3,2</b>	<b>-2,8</b>	<b>0,6</b>	<b>-3,1</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,1</b>	<b>-0,1</b>	<b>-0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>-0,1</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>13,0</b>	<b>12,9</b>	<b>3,1</b>	<b>3,3</b>	<b>3,3</b>	<b>3,4</b>	<b>3,1</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>13,3</b>	<b>13,2</b>	<b>3,2</b>	<b>3,4</b>	<b>3,3</b>	<b>3,3</b>	<b>3,2</b>

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2013–2015**  
*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2013–2015*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2013		2014				2015
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>166,8</b>	<b>172,6</b>	<b>39,2</b>	<b>41,4</b>	<b>45,8</b>	<b>46,2</b>	<b>41,0</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	164,5	170,1	38,5	40,8	45,2	45,6	40,3
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	2,4	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>160,8</b>	<b>170,6</b>	<b>41,4</b>	<b>41,8</b>	<b>42,6</b>	<b>44,8</b>	<b>43,3</b>
21 Laun <i>Wages</i>	18,9	19,9	4,7	5,1	5,0	5,1	5,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	33,1	36,1	8,6	9,0	8,3	10,2	9,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,2	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,0
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	7,0	7,4	1,7	1,8	1,9	2,0	1,8
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	100,9	106,1	26,1	25,7	27,1	27,2	26,9
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,6	0,7	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>6,0</b>	<b>2,0</b>	<b>-2,2</b>	<b>-0,4</b>	<b>3,2</b>	<b>1,4</b>	<b>-2,4</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>3,6</b>	<b>1,2</b>	<b>-5,6</b>	<b>-1,0</b>	<b>7,1</b>	<b>3,0</b>	<b>-5,7</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>0,3</b>	<b>0,1</b>	<b>-0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,2</b>	<b>0,1</b>	<b>-0,1</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>8,9</b>	<b>8,7</b>	<b>2,0</b>	<b>2,1</b>	<b>2,3</b>	<b>2,3</b>	<b>1,9</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>8,6</b>	<b>8,6</b>	<b>2,1</b>	<b>2,1</b>	<b>2,1</b>	<b>2,2</b>	<b>2,0</b>

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2010–2015**Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2010–2015*

	2010		2011		2012		2013		2014		2015
	Á	Q	Á	Q	Á	Q	Á	Q	Ársfj.	Quarters	Á
	IV	IV	IV	IV	IV	IV	I	IV	I	IV	I
<b>Peningalegar eignir <i>Financial assets</i></b>	<b>1.043.871</b>	<b>1.148.912</b>	<b>1.104.591</b>	<b>1.041.263</b>	<b>1.006.386</b>	<b>1.163.092</b>	<b>1.140.030</b>				
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	318.424	533.728	484.410	403.873	369.551	512.649	491.034				
Lánveitingar <i>Loans</i>	248.046	146.994	160.679	163.497	166.109	168.130	159.677				
Hlutfafé <i>Shares and other equity</i>	343.596	343.296	334.704	340.186	340.363	352.370	351.604				
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	133.805	124.894	124.798	133.707	130.363	129.943	137.715				
<b>Skuldir <i>Liabilities</i></b>	<b>1.629.130</b>	<b>1.865.127</b>	<b>1.934.742</b>	<b>1.917.217</b>	<b>1.893.982</b>	<b>2.001.722</b>	<b>2.009.025</b>				
Verðbréf <i>Securities</i>	623.953	732.512	792.842	823.332	816.801	853.759	872.592				
Lántökur <i>Loans</i>	611.921	735.971	710.115	638.098	609.893	642.151	638.710				
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	270.792	288.220	276.843	249.551	253.783	227.964	226.681				
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	341.129	447.751	433.272	388.547	356.110	414.187	412.029				
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	339.807	345.109	372.999	388.471	407.734	407.734	435.659				
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	53.449	51.535	58.786	67.316	59.554	98.078	62.064				
<b>Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i></b>	<b>-585.259</b>	<b>-716.215</b>	<b>-830.151</b>	<b>-875.954</b>	<b>-887.596</b>	<b>-838.630</b>	<b>-868.995</b>				
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>											
<b>% of Gross Domestic Product (GDP)</b>											
<b>Peningalegar eignir <i>Financial assets</i></b>	<b>64,4</b>	<b>67,5</b>	<b>62,0</b>	<b>55,4</b>	<b>50,5</b>	<b>58,3</b>	<b>53,9</b>				
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	19,6	31,3	27,2	21,5	18,5	25,7	23,2				
Lánveitingar <i>Loans</i>	15,3	8,6	9,0	8,7	8,3	8,4	7,5				
Hlutfafé <i>Shares and other equity</i>	21,2	20,2	18,8	18,1	17,1	17,7	16,6				
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	8,3	7,3	7,0	7,1	6,5	6,5	6,5				
<b>Skuldir <i>Liabilities</i></b>	<b>100,5</b>	<b>109,5</b>	<b>108,7</b>	<b>101,9</b>	<b>95,0</b>	<b>100,4</b>	<b>94,9</b>				
Verðbréf <i>Securities</i>	38,5	43,0	44,5	43,8	41,0	42,8	41,2				
Lántökur <i>Loans</i>	37,7	43,2	39,9	33,9	30,6	32,2	30,2				
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	16,7	16,9	15,6	13,3	12,7	11,4	10,7				
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	21,0	26,3	24,3	20,7	17,9	20,8	19,5				
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	21,0	20,3	21,0	20,7	20,5	20,5	20,6				
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	3,3	3,0	3,3	3,6	3,0	4,9	2,9				
<b>Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i></b>	<b>-36,1</b>	<b>-42,1</b>	<b>-46,6</b>	<b>-46,6</b>	<b>-44,5</b>	<b>-42,1</b>	<b>-41,1</b>				

**Hagtiðindi Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series National accounts**

100. árg. • 20. tbl.

ISSN 0019-1078

2015:7

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafraen útgáfa *PDF*)Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7Umsjón *Supervision* Hólmfríður S. Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandÖllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series